

Uppljóstrarinn John Perkins ljóstrar upp um leynt stórveldi.

Zusammenfassung / summary:

Á síðastliðinni öld hefur fjárhagselítan byggt upp hnattrænt stórveldi ósýnilegt almenningi. Óteljandi löndum hefur verið varpað í gryfju fátæktar og eymdar. Bandaríski njósnarinn og uppljóstrarinn John Perkins afhjúpar hvernig þetta mátti takast og hvað hinir svokölluðu „efnahagsmorðingjar“ höfðu með málið að gera.

Sendetext / broadcast text:

Frá seinni heimstyrjöldinni hefur USA þróast yfir í alheimsveldi. Það sýnir sig m.a. á því að af u.þ.b. 1.000 herstöðvum þá eru 95% þeirra reknar af Bandaríkjunum erlendis. Eins er stefna Bandaríkjanna allsráðandi í efnahagsmálum.

En ekki eingöngu ríkisstjórn USA hefur byggt upp alheimsveldi á liðinni öld heldur einnig fjármálaelítan. Þetta er almenningi ekki sýnilegt en völd þeirra erum langt um meiri en Bandaríkjanna. Þetta fjármálaveldi sem vinnur á bak við tjöldin, er í grunninn haldið uppi af þremur póstum:

Fyrsti pósturinn er hið hnattræna seðlabankakerfi. Seðlabankarnir bera ábyrgð á fjármálapólitík hvers lands eða sameiginlegu myntsvæði. Hér er mikilvægt að skilja að nánast enginn núverandi seðlabanki er ríkisrekin stofnun heldur er um að ræða banka undir eftirliti einkaaðila sem eru nánast allir undir eftirliti Rothschild fjölskyldunnar. Þetta gerir fjármálaelítunni kleift að koma af stað fjármálahruni í einu landi eða jafnvel á heimsvísu. Eingöngu fjögur lönd hafa fram til þessa geta haldið sig utan þessa eftirlits. Það eru Kúba, Norður-Kórea, Íran og Síryland! Þannig var t.d. bankahrunið í Bandaríkjunum 1920, fjármálakreppan 1929 og líka fjármálakreppan 2008 markvisst komið á stað af Bandaríska Seðlabankanum, FED. Eins var seðlabönkum í Rússlandi 1998 og Argentínu 2001 steipt í djúpa efnahagskrísu vegna fjármálastýringar seðlabanka þeirra. Fjármálaelítan bar beinan hag af öllum þessum kreppum sem juku völd og ríkidæmi hennar til muna. Almennungi var aftur á móti steipt út í fátækt og þjáningu.

Annar pósturinn hvílir á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum AGS. Sem stendur eru öll ríki utan sjö (þ.á.m. Kúba og Norður-Kórea) meðlimir í AGS. Vegna gríðarlegrar yfirsuldsetningar í ríkisbúskap hvarvetna í heiminum eru í millitíðinni langflest lönd háð lánnum frá AGS. Sjóðurinn er eini mögulegi lánveitandi landa sem lent hafa í fjárhagsvanda. Til þess að fá slík lán þvingar AGS lönd til gríðarlegra sparnaðar-aðgerða til endurgreiðslu skuldanna til sín og alþjóðlegu bankanna. Þar beitir hann afdrifaríku inngripi í fullveldi ríkjanna svo þau glata fjárhagslegu, efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði. Afleiðingarnar eru neyð og örbyrgð fyrir almenning og gríðarlegur ágóði til handa alþjóðlegum fjárfestum.

Þriðja pósti þessa veldis mynda stjórnvöld USA. Samkvæmt uppljóstrunum John Perkins fyrrum leynipjónustumanns utanríkisleynipjónustu Bandaríkjanna NSA, þá þjóna bandarísk stjórnvöld hagsmunum alþjóðlegra stórfyrirtækja. Þar sem þessum stórfyrirtækjum er stjórnað af fjármálaelítunni eru bandarísk stjórnvöld svo að segja handlangarar þeirra. Á grundvelli efnahagslegs ásamt hernaðarlegs valds USA hafa þeir markvisst svínbeygt lönd heimsins undir hagsmuni fjármálaelítunnar. Forsetar sem t.d. vildu binda endi á vald stórfyrirtækjanna með hagsmuni þjóðar sinnar í huga voru annað hvort myrtir í leynilegum aðgerðum bandarísku leynipjónustunnar, vikið frá með valdaráni eða reknir alveg opinberlega frá völdum með hernaðaríhnutun Bandaríkjanna. Hér skilja Bandaríkin eftir sig djúpa og blóðuga slóð í sögunni.

Frá 1949:

Hafa 16 ríkisstjórnir verið felldar í Íran, Gvatemala, Laos, Suður Víetnam, 2x Dómíníska Lýðveldið, Brasilía, Bólvía, Indónesía, Grikklandi, Síle, Perú, Haítí, Georgíu, Kirgisistan og Úkraínu. Að auki voru ellefu hernaðaríhnutanir til þess að koma sitjandi ríkisstjórnnum frá Kúbu, Grenada, Panama, Níkaragva, 2x Írak, Júgóslavíu, Kósóvó, Afganistan,

Líbíu og Sýrlandi

Eins hafa verið framin 36 morð eða morðtilraunir á erlendum leiðtogum og æðstu stjórnendum. Þetta var í Kóreu, 4x Panama, Indónesíu, Kína, Norður-Kóreu, Filippseyjum, Indlandi, Egyptalandi, Kambódíu, 3x Írak, Kosta Ríka, Haítí, Kongó, 2x Dóminíska lýðveldinu, 2x Kúbu, Suður-Víetnam, Búrúndí, Frakklandi, Síle, Síle, Jamaíka, 2x Líbýu, Ekvador, Íran, Marokkó, 2x Níkaragva og Líbanon.

Nákvæmlega sama mynstri má fylgjast með í núverandi kreppu milli Bandaríkjanna og Venesúela, Norður-Kóreu, Kúbu og Íran. Það er vegna þess að þessar ríkisstjórnir veita alþjóðlegum fyrirtækjum ekki aðgang að auðlindum landa sinna. Seðlabankar Norður-Kóreu, Kúbu og Írans eru enn ekki undir stjórn Rothschildfjölskyldunnar. Þess vegna er ekki líklegt að þessum átökum - eins og átökum Bandaríkjanna við Afganistan, Írak eða Líbíu þar sem bankar þeirra voru líka sjálfstæðir fyrir íhlutun Bandaríkjanna - ljúki ekki fyrr en sitjandi ríkisstjórnnum hefur verið steypt af stóli og skipt út fyrir strengjabrúðuríkisstjórnir.

Byggt á þessum samhengjum má gera ráð fyrir að mörg framtíðaráttök, fall ríkistjórna eða sérhver efnahags- eða fjármálakreppa beri fangamark hins alþjóðlega fjármáлавeldisins. Fylgist nú með játningu fyrrverandi efnahagstilræðismanns og leyniþjónustumanni í utanríkisþjónustu Bandaríkjanna NSA, John Perkins:

John Perkins - Fæðing efnahagstilræðismannsins

Við - efnahagstilræðismennirnir - vorum þeir sem bárum ábyrgð á mótun hins fyrsta raunverulega heimsveldis. Og við unnum það á marga mismunandi vegu.

En: líklega algengasta leiðin til að velja land sem býr yfir náttúruauðlind eins og olíu var að veita landinu stórt lán frá Alþjóðabankanum eða miðla dótturfyrirtækis þess. En peningarnir renna í raun ekki til landsins. Í staðinn ganga þeir til fyrirtækjanna okkar og þau byggja upp innviðakerfi í landinu. Orkufyrirtæki, iðnaðarsvæði, hafnir - hluti, sem nokkrir ríkir í landinu græða á fyrir utan okkar eigin fyrirtæki. Í raun hjálpa þessar aðgerðir meirihluta þjóðarinnar ekki. Þjóðinni er samt eftirlátið að bera allar skuldirnar. Þetta eru svo háar upphæðir að hún getur ekki greitt þær til baka. Það er hluti af planinu - hún getur ekki greitt þær til baka. Og þess vegna komum við efnahagsmorðingjarnir á tilteknum tíma aftur til þeirra og segjum: „Þið skuldið okkur svo og svo mikinn pening, þið getið ekki borgað skuldirnar til baka, þannig seljið olíuna ykkar mjög ódýrt til olíufyrirtækjanna okkar.“ Leyfði okkur að byggja upp herstöð hjá ykkur.“ eða: „Styðjið herinn okkar einhverstaðar í heiminum, t.d. með herafla ykkar í Írak.“ eða „Gefið okkur atkvæði ykkar á næsta fundi hjá Sameinuðu þjóðunum.“ ... Til þess að einkavæða raforkufyrirtæki ykkar og líka vatns - og mannvirki ykkar og selja þær til bandarískra fyrirtækja eða annarra fjölþjóðafyrirtækja, svo skjótast þau upp eins og gorkúlur og það er dæmigert fyrir það hvernig Alþjóðargjaldeyrissjóðurinn AGS eða Alþjóðabankinn vinna. Þeir steypa landi í skuldir og skuldirnar eru svo háar að þær geta ekki greitt þær til baka. Og síðan bjóða þeir endurfjármögnun á lánunum með meiri vöxtum. Og þá er krafist: Þessa „Quid pro quo“ (Latína: „Æ skal gjöf að gjalda“) að maður skilyrðir eða kallar þetta „good governance“ (Góða stjórnarsýslu) - sem að vissu leyti þýðir að þau þurfa að selja auðlindir sínar, félagslega kerfið sitt, þjónustufyrirtækin, og stundum skólakerfi og réttarkerfi sitt, tryggingarkerfið sitt til erlendra fyrirtækja. Þannig að áfallið er tvöfalt- þrefalt- fjórfalt!

ÍRAN 1953

Fordæmið fyrir efnahagsmorðingja byrjaði snemma á 5 áratugnum. Þegar lýðræðislegi kjörni forsetisráðherrann Mossadegh í Íran var kosinn. Hann var vonin um lýðræði í Miðausturlöndum og allstaðar í heiminum.

Að vísu vildi Mossadegh að erlend olíufyrirtæki borguðu svo vel fyrir olíuna að þjóðin gæti hagnast af henni. Þar sem bandarískum stjórnvöldum líkaði það ekki sendu þau Kermit Roosevelt CIA leyniþjónustumann í landið sem steypti Mossadegh

af stóli með hjálp nokkur hundruð milljón dollara og setti keisara vinveittan Bandaríkjunum í staðinn. Þar sem þetta virkaði svo vel þá mynduðust alveg nýjar leiðir: Að ráðskast með löndin til að mynda stórveldi. En í framtíðinni sendu þeir ekki sérstaka CIA leynipjónustumenn í landið heldur einkaráðgjafa eins og John Perkins. Þannig varð ekki neitt vandamál fyrir ríkistjórnina ef það kæmist upp um hana.

Gvatemala 1954

Það sama gerðist í Guatemala þegar Árbenz (Guzman) var forseti. Landið var stjórnað af alþjóðlegum fyrirtækjum en Árbenz vildi gefa völdin aftur til þjóðarinnar. Samtímis hóf „United Fruit Company“ risa auglýsingarherferð í Bandaríkjunum. Niðurstaða þess var hernaðaraðgerð af hálfu CIA og hersins þangað til að búið var að koma Árbenz frá.

Líka í Ekvador hætti Jaime Roldós á að nýta náttúruauðlindir landsins til þess að hjálpa sínu eigin fólki. Í kjölfarið var Perkins sendur sem einn af mörgum til þess að fá að skipta um skoðun (umzustimmen). Hann hótaði honum að hann myndi hverfa ef hann myndi ekki breyta pólitík sinni. En þar sem Roldós neitaði að svíkja fólk sitt var hann drepinn. Í maí 1981 hrapaði flugvél hans og tvö aðalvitnin dóu í bílslysi áður en þau gátu sagt nokkuð.

Það sama á við um Panama þegar Omar Torrijos var forseti. Hann vildi virkilega hjálpa landi sínu. John Perkins tókst ekki að beita mútum, þar sem Torrijos stóð fast á því að koma vel fram við land sitt. Hann vildi líka hjálpa öðrum löndum í Suður-Ameríku að ná sjálfstæði sínu. Eftir að Roldós var myrtur reiknaði Torrijos með því að hann yrði sá næsti. En honum var það mikilvægara að koma sjónamiðum sínum í pólitíkinni áfram og koma Panamskurðinum aftur í hendurnar á fólki sínu. Hann dó líka, bara einum mánuði síðar í júní 1981 þar sem flugvélin hans hrapaði.

1998 var Hugo Chávez valin sem forseti Venesúela. Hann stóð líka gegn Bandaríkjunum. Hann vildi að allur arður af olíu landsins rinni til þjóðar sinnar. Í kjölfarið sviðsetti CIA hallarbyltingu. En þar stóð þjóðin svo sannfærandi með Chávez að það mistókst. Þetta var gríðalegt andartak í sögu Suður-Ameríku.

Írak 2003

Írak er í raun fullkomið dæmi um hvernig allt kerfið virkar. Þannig myndum við efnahagsmorðingjar fyrstu varnarlinuna. Við förum inn og reynum að spilla stjórnvöldum og sannfæra þau um að taka við þessum stóru lánnum sem við síðan notum sem vogarstöng til þess í grunninn - að eignast þau. Ef okkur mistekst (...) þá er önnur varnalínan sú að við sendum sjakalana inn og sjakalarnir

steypa annaðhvort stjórnvöldum eða sinna aftökum. Og þegar það gerist að ný stjórnvöld taka völdin, maður lifandi, þau draga réttan taum því nýi forsetinn veit hvað gerist ef hann gerir það ekki.

Og í tilvikinu með Írak mistókust báðar þessar leiðir. (...) Og sjakalarnir fóru inn til að þurrka hann út. Þeim tókst það ekki, öryggi hans var of vel gætt. Eftir allt vann hann einu sinni fyrir CIA. Hann hafði verið ráðinn til að taka fyrrum forseta Írans af lífi, mistókst það svo hann þekkti þannig kerfið. Þannig að 1991 sendum við hersveitirnar inn og við þurrkum út Írakska herinn. Og við ályktum eftir það að Saddam Hussein myndi átta sig. Við hefðu auðvitað getað þurrkað hann út þá en við vildum það ekki. Hann er þess háttar sterkur einstaklingur sem okkur líkar við. Hann stýrir fólkinu sínu, við höldum að hann gæti stjórnað Kúrdunum og haldið Írónum innan sinna landamæra og haldið áfram að dæla olíu upp fyrir okkur. Svo efnahagsmorðingjarnir fara aftur inn á 9. áratugnum - árangurslaust. Við sendum sumsé herinn að nýju og að þessu sinni kláruðum við verkefnið og tókum hann út. Og á meðan framkvæmdinni stóð sömdum við um nokkur mjög, mjög ábatasöm byggingarverkefni til að byggja landið upp að nýju sem við höfðum verið að rústa. Sem eru frekar snjöll viðskipti þegar maður á stór byggingarfyrirtæki.

Írak sýnir sumsé öll stigin þrjú. Efnahagstilræðismönnum mistókst þarna,

sjakölunum mistókst þarna. Og sem síðast úrræði fer herinn þangað inn. Og á þennan hátt höfum við virkilega skapað stórveldi en við gerðum það mjög, mjög varfærnislega. Þetta er undirförli því öll stórveldi fortíðar byggðu á hervaldi og allir vissu að það var í uppbyggingu. Bretar vissu að þeir væru að byggja þau upp. Frakkarnir, Þjóðverjar, Rómverjar, Grikkir. Og þeir voru stoltir af því. Og þeir höfðu alltaf einhverja afsökun eins og að útbreiða siðmenningu, útbreiða einhver trúarbrögð, eitthvað svona. En þeir vissu að þeir væru að því. En við ekki.

Meirihluti fólks í Bandaríkjunum hafa enga hugmynd um að við lifum á ávinningi hins undirförla stórveldis, að það sé meiri þrældómur í heiminum en nokkru sinni fyrr. Og þá þarftu að spyrja þig: Jæja, sé til stórveldi, hver er þá keisari? Augljóslega eru forsetar Bandaríkjanna engir keisarar. Keisari er ekki kosinn né þjónar tímabundið og þarf ekki í raun að standa neinum reikningsskil. Ekki er hægt að skilgreina forsetana okkar þannig. En við höfum það sem ég tel vera jafngildi keisara og það kalla ég fyrirtækjaræði (corporatocracy). Fyrirtækjaræðið er í höndum þessara einstaklinga sem stjórna stærstu fyrirtækjunum. Og þeir starfa virkilega eins og keisari þessa stórveldis.

Þeir stjórna fjölmiðlunum okkar. Annað hvort með beinu eignarhaldi eða auglýsingum. Þeir stjórna flestum stjórnáráðgjöfnum okkar því þeir fjármagna kosningabaráttu þeirra. Annað hvort í gegn um fyrirtækin sín eða með persónulegum framlögum sem koma frá fyrirtækjunum. Þeir eru ekki kosnir, þeir þjóna ekki ákveðin tímabil, þeir standa engum skil. Og efst á toppi fyrirtækjaræðisins geturðu í raun ekki sagt til um hvort manneskjur vinna fyrir einkafyrirtæki eða ríkisstjórnina því þær eru á stöðugri ferð fram og til baka - þannig ertu með gaur sem eina stundina er forstjóri stórs byggingafyrirtækis eins og Halliburton og á næsta andartaki er hann varaforseti Bandaríkjanna. Eða forsetinn sem stóð í olíuviðskiptum. Og þetta á við hvort heldur þú færð forseta úr röðum demókrata eða repúblikana.

Þeir ferðast fram og til baka í snúningshurðinni. Og í vissum skilningi eru stjórnvöld okkar ósýnileg stóran hluta tímans. Og stefnu þeirra er framfylgt af stórfyrirtækjunum okkar á einu stigi eða öðru. Og síðan er jú stefna ríkisstjórnarinnar í grunninn smíðuð af fyrirtækjunum og síðan kynnt ríkisstjórninni og verður þannig að stefnu hennar. Svo þetta er ótrúlega þægilegt samband.

Þetta er ekki neitt svona samsæris dæmi, þetta fólk þarf ekki að koma saman og smíða neitt plott. Það þarf í grunninn bara að vinna undir einni grundvallarhugsun og hún er að þeir verða að hámarka ágóða án tillits til samfélagslegra eða umhverfispátta.

Quellen / Sources:

<https://de.statista.com/statistik/daten/studie/157935/umfrage/laender-mit-den-hoechsten-militaerausgaben/>

<https://michael-mannheimer.net/2019/01/31/komplette-liste-von-banken-im-besitz-und-unter-kontrolle-der-rothschilds/>

Bók "Megacrash – die große Enteignung kommt" frá Günter Hannich S.160

<https://fassadenkratzer.wordpress.com/2015/02/20/die-raubzuege-des-iwf-in-europa/>

<https://fassadenkratzer.wordpress.com/2015/02/13/der-internationale-wahrungsfonds-iwf-und-die-ausbeutung-der-entwicklungslander/>

https://de.wikipedia.org/wiki/Internationaler_W%C3%A4hrungsfonds#Mitgliedstaaten

https://de.wikipedia.org/wiki/Mitgliedstaaten_der_Vereinten_Nationen

<https://de.sputniknews.com/kommentare/20190721325476981-iwf-us-beziehung/>

<https://alles-schallundrauch6.blogspot.com/2007/02/wirtschaftskiller-oder-wie-unterwerfe.html>

<http://alles-schallundrauch.blogspot.com/2007/04/der-wandel-in-sdamerika.html>

<https://www.youtube.com/watch?v=0Pn7qrl7NAA>

https://www.focus.de/finanzen/news/das-netzwerk-der-macht-diese-konzernen-kontrollieren-die-welt_id_3929949.html

http://www.uni-protokolle.de/Lexikon/US-Interventionen_im_Ausland.html

https://derfunke.at/nostalgie/hp_artikel/usverbrechen.htm

https://de.wikipedia.org/wiki/Mohammad_Mossadegh

https://de.wikipedia.org/wiki/Jacobo_%C3%81rbenz_Guzm%C3%A1n

https://de.wikipedia.org/wiki/Kong_Le

https://de.wikipedia.org/wiki/Juan_Bosch

https://de.wikipedia.org/wiki/Ng%C3%B4_%C4%90%C3%ACnh_Di%E1%BB%87m

https://de.wikipedia.org/wiki/V%C3%ADctor_Paz_Estensoro

https://de.wikipedia.org/wiki/Jo%C3%A3o_Goulart

<https://deutsch.rt.com/26423/meinung/ueber-15-millionen-opfer-des-terrors-staatsstreiche-und-militaerinterventionen-nach-1945-in-lateinamerika/>

<https://de.wikipedia.org/wiki/Sukarno>

https://de.wikipedia.org/wiki/Georgios_Papandreou

https://de.wikipedia.org/wiki/Muammar_al-Gaddafi

https://de.wikipedia.org/wiki/Putsch_in_Chile_1973

https://de.wikipedia.org/wiki/Maurice_Bishop

https://de.wikipedia.org/wiki/Omar_Torrijos

https://de.wikipedia.org/wiki/US-Invasion_in_Panama

https://de.wikipedia.org/wiki/Manuel_Noriega

https://de.wikipedia.org/wiki/Geschichte_Nicaraguas

https://de.wikipedia.org/wiki/Jean-Bertrand_Aristide

https://de.wikipedia.org/wiki/Hugo_Ch%C3%A1vez

https://de.wikipedia.org/wiki/Krieg_in_Afghanistan#Konflikt_seit_der_US-gef%C3%BChrten_Intervention_im_Jahr_2001

https://de.wikipedia.org/wiki/Saddam_Hussein

https://de.wikipedia.org/wiki/Muammar_al-Gaddafi

https://de.wikipedia.org/wiki/Baschar_al-Assad

<https://de.sott.net/article/15263-Was-haben-John-McCain-Arabischer-Fruhling-und-andere-Farbrevolutionen-miteinander-zu-tun>

<https://www.us-kriege.de/syrien/>

<https://www.contra-magazin.com/2014/12/oliver-stone-cia-fingerabdruck-beim->

maidan-putsch-der-ukraine/

Autor / Author: hag